

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 226/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Böðvari Guðmundssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Eignaspjöll. Skilorð. Fésekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu og hækkunar skaðabóta.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var lögð fram kvittun lögmanns bótakrefjanda, Kristjáns Guðbjartssonar, frá 10. febrúar 1993 fyrir greiðslu frá ákærða, að fjárhæð 89.308 krónur. Á kvittuninni er svofelld áritun: „Fullnaðargreiðsla vegna líkamsárásar 25. 4. 1991, sbr. dóm sakadóms Kóp. 22/4 1992.“ Í samræmi við þessa áritun var af hálfu ákærvalds fallið frá kröfu um hækkun skaðabóta.

Árás ákærða á Kristján Guðbjartsson var tilefnislaus og rudda-fengin. Þá var atferli hans ekki síður háskalegt vegna þeirra aðstæðna, sem Kristján starfaði við í pylsuvagni sínum á Lækjartorgi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fimm mánaða varðhald ákærða. Við þá ákvörðun er til þess að líta, að dómur frá 14. apríl 1987, þar sem ákærði var dæmdur í 15 daga skilorðsbundið varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur ekki ítrekunaráhrif, sbr. 61. gr. sömu laga. Með hliðsjón af framangreindu uppgjöri ákærða við bótakrefjanda og aðstæðum hans að öðru leyti þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hins vegar verður ákærði jafnframt dæmdur til þess að greiða 30.000 króna

sekt í ríkissjóð vegna brota sinna, sbr. 2. mgr. 57. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, og komi varðhald í tíu daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Það athugast, að upplýst er, að ákærði hefur þegar greitt annað tveggja læknisvottorða í málinu.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Böðvar Guðmundsson, sæti varðhaldi í fimm mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í tíu daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 22. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 4. febrúar 1992, „á hendur Böðvari Guðmundssyni, Engihjalla 7, Kópavogi, fæddum 28. apríl 1965, fæðingarnúmer 577, fyrir eignaspjöll og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 25. apríl 1991 á Lækjartorgi við Austurstræti í Reykjavík veist að Kristjáni Guðbjartssyni, fæddum 12. nóvember 1942, þar sem hann var við vinnu í pylsuvagni, svipt upp hurðinni á vagninum, svo að hurðarhúnn brotnaði, togað Kristján út úr vagninum, skellt aftur hurðinni, svo að lamir brotnuðu, rekið Kristjáni högg í enni með höfðinu og sett fyrir hann fótinn,

svo að hann féll í götuna, tekið um höfuð hans, þar sem hann lá í götunni, og slegið því margsinnis við götuna og hert hálsbindi að hálsi hans og, er Kristján náði að standa á fætur, rekið honum að nýju högg með höfðinu í andlitið, feltt hann í götuna og slegið höfði hans enn við götuna, en við þetta marðist Kristján á hnakka og hálsi, bólгнаði á hægri kinn og hrufaðist á hnúum hægri handar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslum lögreglu, framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að 25. apríl 1991 kl. 3.20 að morgni var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um, að verið væri að ráðast á afgreiðslumann í pylsuvagni á Lækjartorgi.

Þegar lögreglan kom á vettvang, voru tveir menn í átökum fyrir framan pylsuvagninn, og reyndust það vera ákærði í máli þessu og Kristján Guðbjartsson, sem á og rekur pylsuvagninn á Lækjartorgi.

Kristján skýrði lögreglunni svo frá, að ákærði hefði komið að vagninum með miklum látum, brotið upp hurðina og ráðist á sig, af því að hann hefði ekki viljað skipta ávísun, sem hann hefði verið með.

Lögreglan getur þess í skýrslu sinni, að dyrum á vagninum hafi ekki verið hægt að loka eftir þessa uppákomu. Lögreglan handtók ákærða og færði hann á lögreglustöð í járnum, en hann veitti mikla mótspyrnu og barðist um á hæl og hnakka þrátt fyrir járnin.

Hinn 25. apríl 1991 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu vegna atburða næturinnar í framhaldi af dvöl í fangageymslu.

Kvaðst ákærði hafa verið að koma af veitingahúsinu Berlín og hafa gengið beint að pylsuvagninum á Lækjartorgi, pantað sér pylsu og ætlað að greiða hana með ávísun, en afgreiðslumaðurinn ekki viljað taka ávísun sem greiðslu.

Þeir hafi deilt um þetta, en afgreiðslumaðurinn hafi komið út úr vagninum, og einhver handalögmál hafi orðið, sem ákærði kvaðst muna óljóst eftir, þar eð hann hefði verið töluvert ölvaður. Síðan hafi hann ekkert vitað, fyrr en hann var handtekinn.

Ákærði kvaðst ekki hafa brotið upp hurðina á pylsuvagninum, heldur hefði afgreiðslumaðurinn komið út sjálfur, og kvaðst ákærði því ekki bæta neitt tjón á vagninum.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið mjög drukkinn þetta kvöld og myndi lítið eftir atburðum næturinnar. Hann kvaðst þó

muna óljóst eftir því, að einhver átök hefðu orðið milli sín og Kristjáns. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort það var hann eða Kristján, sem átti upp-tökin að átökunum, en verið hafi ágreiningur um það, hvort ákærði fengi afgreiðslu.

Aðspurður kvaðst ákærði muna eftir því að hafa skellt Kristjáni í götuna, en tók fram, að þeir hefðu raunverulega dottið saman. Ekki kannaðist ákærði við að hafa skallað Kristján í höfuð eða andlit eða skellt höfði hans í götuna né að hafa togað í hálsbindi hans.

Hann kvað þá hafa velst eitthvað um og undir borð, sem þarna hefði verið. Á því hefðu einhverjir krakkar setið og þeir stigið ofan á þá. Þeir hefðu þá staðið upp, og í því hefði lögreglan komið.

Ákærði taldi átök þeirra Kristjáns aðeins hafa tekið skamma stund, u. þ. b. eina mínútu, og man ekki, hvort þeir duttu í götuna oftár en einu sinni. Þá minnti ákærða, þó óljóst, að einhver annar maður hefði verið á undan sér í röðinni, og einnig taldi hann jafnvel, að tveir menn hefðu verið í pylsuvagninum.

Ákærða minnti, að Kristján hefði komið sjálfur út úr vagninum, en taldi sig hafa sparkað í hurðina á vagninum, eftir að hann kom út, og hurðin þá skemmst. Þá upplýsti ákærði, að hann hefði farið að pylsuvagninum í vikunni, eftir að þetta gerðist, til þess að bjóða bætur vegna skemmdanna á vagninum, en Kristján þá ekki verið við.

Hinn 2. maí 1991 kærði Kristján Guðbjartsson ákærða fyrir skemmdar- verk og líkamsárás 25. apríl 1991 og gaf skýrslu hjá lögreglu um málsatvik.

Skýrir Kristján svo frá, að hann hafi verið að afgreiða ákærða um pylsu og séð, er hann tók upp veskið, að hann var með peninga. Hann hafi viljað skrifa ávísun fyrir pylsunni, en Kristján bent honum á skilti, sem hann hafi á vagninum, þar sem segi, að ávísanir séu ekki teknar sem greiðsla.

Ákærði hafi þá orðið mjög vondur og hent í sig stálbakka, sem á borðinu var. Ákærði hafi farið til hliðar við vagninn, að hurðinni, en Kristján sett krækju fyrir hurðarhúninn, en ákærði hafi brotið upp húninn á hurðinni, svo að lamir, sem á vagninum séu og geti ekki opnað hurðina upp á gátt, brotnuðu þannig, að neðri lömin hafi brotnað af og hurðin hangið á efri löminni.

Kristján kveður ákærða hafa sparkað ofan á ristina á hægra fæti sínum, og við það hafi hann ósjálfrátt beygt sig fram, en ákærði þá skallað sig í ennið og sett fót fyrir sig um leið, svo að hann hafi fallið í götuna.

Ákærði hafi stokkið ofan á sig, þrifið í bindi sitt og hár og skellt höfðinu margsinnis í götuna. Kristján kvaðst hafa náð að hrista hann af sér og kalla í mann að ná í lögreglu, en síðan gengið að vagninum og farið í úlpu og farið að huga að hurðinni, hálfvankaður eftir þessa árás.

Ákærði hafi reynt að ráðast á sig aftur, en maður, er þarna var, hafi

getað komið í veg fyrir það í fyrstu, en síðan hafi ákærði náð að ráðast á sig aftur með sömu aðferð og áður, skallað sig í andlit og náð sér í götuna og byrjað að lemja höfðinu við götuna. Kristján kveðst hafa kallað á hjálp, en ekki vita, hvernig sér tókst að komast upp. Hann hafi síðan hörfað frá ákærða, sem alltaf hafi verið að reyna að ráðast á sig aftur, en síðan hafi lögreglan komið og tekið ákærða.

Kvaðst Kristján hafa farið fljótlega eftir þetta upp á slysadeild, en hann hafi átt í erfiðleikum með að ganga frá vagninum, svo að traust væri.

Kristján Guðbjartsson kom fyrir dóm og bar vitni og skýrði frá atvikum á sama veg og hjá lögreglu. Þá skýrði vitnið sérstaklega aðspurt svo frá, að það hefði ekki komið út úr vagninum, þegar þræturnar byrjuðu, heldur hafi ákærði brotið upp hurðina, stigið inn í vagninn og kippt vitninu út, sem var eitt við afgreiðslu í vagninum og allsgáð eins og venjulega. Þá kvað vitnið enga röð hafa verið við vagninn, er ákærða bar að.

Vitnið kvaðst aðspurt hvorki hafa ýtt við ákærða né reynt að stugga honum burtu á annan hátt, heldur hefði ákærði ráðist á sig að fyrri bragði.

Þá tók vitnið fram, að það hefði orðið mjög hrætt, þegar ákærði réðst á sig, og óttast um líf sitt, er ákærði herti svo mjög að hálsbindi sínu, að það náði ekki andanum.

Þá kveðst vitnið hafa verið frá vinnu tvær vikur eftir atburðinn, bæði vegna sýnilegra áverka í andliti og stanslauss höfuðverkjar, og verið lengi að jafna sig í höfðinu. Þá kveðst vitnið hafa haft svo mikinn verk í hálsi, að það hafi ekki getað kyngt mat, og hafa leitað til háls-, nef- og eyrnalæknis vegna þessa.

Lagt hefur verið fram í málinu læknisvottorð, dags. 27. 10. 1991, undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni lækni, byggt á bókun í sjúkraskrá Kristjáns á göngudeild Borgarspítalans í Fossvogi 25. 4. 1991. Í vottorðinu segir meðal annars: „Skoðun við komu á slysadeild leiddi eftirfarandi í ljós: Dálítið upphleypt mar var í hnakka sjúkl. vi. megin frá miðlínu. Roda-flekkir voru hér og þar í hársverði frá hvirfli og allt fram að enni. Útlit flekkjanna var talið geta samrýmst því, að hár hefði verið slitnið þarna upp úr hársverðinum. Vægur bólguproti var á hæ. kinn sjúkl., en ekki fundust þar nein merki um brot á beinum.

Á hálsi var um tveggja cm breitt far, sem var misgreinilegt, en náði þó allan hringinn um hálsinn og var í þeirri hæð, þar sem hálsbindi myndi vera. Litur í þessum húðáverka var rauðleitur og punktblæðingar sums staðar, sem bentu til, að háræðar hefðu sprungið þarna. Útlit farsins sýndist vel geta samrýmst því, að bindi eða annað band hefði verið hert þarna að hálsi sjúkl.

Á hnúum á hæ. hendi sjúkl. var minni háttar hrúfl.

Framangreindir áverkar voru ekki taldir gefa tilefni til neinnar meðferðar.“

Þá hefur Kristján lagt fram vottorð Einars Thoroddsens lækni, dags. 10. 12. 1991, svohljóðandi: „Kristján kom í skoðun á HNE-deild til mín 30. 4. 1991. Hann hafði orðið fyrir árás nokkrum dögum áður og var mjög aumur og marinn utan á og innan á hálsi og með köfnunarkennd, auk þess glóðaraugu. Var þessa vegna óvinnufær í 10-14 daga um þessar mundir.“

Vitnið Gísli Ingimundarson gaf skýrslu hjá lögreglu 1. október 1991 og skýrði þá svo frá, að það hefði séð, hvar pylsusalinn og árásaraðili hefðu verið í stimpingum við dyr pylsuvagnsins, og síðan hefði þetta borist út á Lækjartorg, og þar hefði afgreiðslumaðurinn fallið við og dottið í götuna, en staðið síðan upp aftur. En þá hefði lögreglan komið þar að og handtekið árásarmanninn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þennan mann slá afgreiðslumanninn í andlitið, en sýndist hann slá á axlir honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð upphafið að þessu og fyrst hafa tekið eftir, þegar þeir stóðu báðir fyrir utan dyrnar á pylsuvagninum.

Gísli Ingimundarson kom fyrir dóm til að bera vitni, en kvaðst aldurs síns vegna ekki muna atvik lengur, en vitnið er 78 ára gamalt. Vitninu var þá sýnd skýrsla sú, sem það gaf hjá lögreglu, og kvað það efni hennar vera rétt, eftir því sem það myndi. Staðfesti vitnið undirritun sína á skýrsluna.

Bótakrafa.

Af hálfu Kristjáns Guðbjartssonar hefur verið krafist skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 238.121 kr. Kröfu sína sundurliðar Kristján þannig:

— — —

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við Kristján Guðbjartsson á Lækjartorgi 25. apríl 1991, svo sem rakið er hér að framan, og að hafa valdið skemmdum á pylsuvagni hans þar á torginu.

Framburði ákærða og vitnisins Kristjáns Guðbjartssonar ber ekki alls kostar saman, svo sem að framan er rakið. Framburður ákærða er óljós um margt, þar sem hann kvaðst ekki muna atvik sökum ölvunarástands. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi opnað vagninn og kippt Kristjáni út. Þrátt fyrir þessa neitun ber að telja sannað, að upphaf átakanna hafi verið á þann veg, er í ákæru greinir, enda hefur ákærði viðurkennt að hafa valdið skemmdum á hurðinni án þess að geta skýrt, hvernig það gerðist. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að 3. mgr. 218. gr. a geti átt við hér.

Framburður Kristjáns er skýr, og fellur frásögn hans af atvikum saman

við áverka þá, sem getur á læknisvottorðum, en ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til annars en þess, að vitnið hafi hlotið áverkana í átökum við ákærða. Ber því að öllu framangreindu virtu að leggja vitnisburð hans til grundvallar. Framburður vitnisins Gísla Ingimundarsonar styður framburð Kristjáns, svo langt sem hann nær.

Að framansögðu og gögnum málsins virtum ber að telja nægilega sannað, að ákærði hafi brotið svo af sér sem í ákæru greinir og þykir þar rétt fært til refsíákvæða. Ákærði er sakhæfur og hefur áður sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

— — —
[Ákærði hefur þrisvar sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot, og 14. apríl 1987 var hann dæmdur í 15 daga varðhald fyrir líkamsárás, skilorðsb. til tveggja ára.]

Með hliðsjón af því, að árásin var svo harkaleg, að verulegur háski gat stafað af, og því, að ákærði hefur áður verið dæmdur sekur um ofbeldisverk, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald fimm mánuði.

Rétt þykir þó í samræmi við 57. gr. a l. nr. 19/1940 að skilorðsbinda hluta refsingarinnar þannig, að tveir mánuðir verði óskilorðsbundnir, en þrír mánuðir skilorðsbundnir í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Með hliðsjón af framangreindu ber að telja ákærða bera skaðabótaábyrgð á tjóni Kristjáns Guðbjartssonar vegna árásarinnar og skemmdarverksins.

— — —
Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Eggerts B. Ólafssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 45.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Krístrún Kristinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Böðvar Guðmundsson, sæti varðhaldi fimm mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða varðhalds og það niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts B. Ólafssonar hdl., 45.000 krónur.

Ákærði greiði Kristjáni Guðbjartssyni skaðabætur, að fjárhæð 70.000 kr., með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá 14. janúar 1992 til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.